

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 173/1953. **Ákærvaldið** (Theodór B. Lindal)

gegn

**Arndísi Þórðardóttur** (Sigurður E. Ólason).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Brot gegn 206. gr. alm. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936.  
Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúsaðhald.

### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru þá heitfest vitnin C, B og E, en jafnframt breytti C framburði sínum á þann veg, að hún hefði eigi haft samfarir í húsi ákærðu.

Leiga ákærðu á vistarverum til þeirra nota, sem lýst er í héraðsdómi, þykir eigi verða talið gistihúsaðhald í merkingu 2. gr. laga nr. 21/1926. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu af ákæru um brot gegn því lagaboði. Atferli ákærðu varðar hins vegar við 1. mgr. 206. gr. laga nr. 19/1940 og 10. gr. sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936, eins og í héraðsdómi greinir. Refsing ákærðu er af héraðsdómara hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en eftir öllum atvikum þykir rétt að kveða svo á, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Eigi þykja næg efni til þess að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytninguþlaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Arndís Þórðardóttir, sæti fangelsi 3 mánuði. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og niður

skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Theódórs B. Línalds og Sigurðar Ólasonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1953.**

Ár 1953, miðvikudaginn 2. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3258/1953: Ákæruvaldið gegn Arndísi Þórðardóttur, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Með ákæruskjali dómismálaráðherra, dags. 19. desember f. á., er ákærða, Arndís Þórðardóttir, húsfrú, Ránargötu 50, hér í bæ, ákærð „fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind og gerzt sek um brot á lögum um eftirlit með útlendingum og lögum um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 59 frá 1936 og 2. gr. laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. nr. 21 frá 1926, með því á tímabilinu frá febrúar/marz til september 1952 að leigja eitt herbergi íbúðarinnar til einnar nætur í senn til karlmanna, sem oftast fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en leiga fyrir herbergið er talin hafa verið 60 krónur fyrir sólarhringinn, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind, fyrir að hafa látið hjá líða að halda skrá um gestakomur og fyrir að hafa rekið gististarfsemi þessa án leyfis.

Ákæríst því framangreind Arndís Þórðardóttir til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarákvæði, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936 og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með framhaldsákæruskjali dómismálaráðherra, dags. 31. júlí s.l., er ákærða ákærð „fyrir að hafa gerzt brotleg við allar lagagreinar, sem tilgreindar eru í framangreindu ákæruskjali í málinu, með því á tímabilinu frá nóvember 1952 til apríl 1953 að leigja út úr húsi sínu að Ránargötu 50 í Reykjavík herbergi til stutts tíma í senn til karlmanna, sem voru í fylgd með kvenfólki eða fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en greiðsla fyrir þetta er talin hafa verið 85—100 krónur fyrir manninn yfir sólarhringinn eða

part úr sólarhring, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind, fyrir að hafa látið hjá liða að halda skrá um gestakomur og fyrir að hafa rekið gisthússtarfsemi án leyfis.

Framhaldsákærast því ákærða í máli þessu til að sæta refsingu samkvæmt refsifyfirmælum þeim, sem tilgreind eru í framangreindu ákæruskjali, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða er fædd 9. desember 1904 á Stokkseyri og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

## I.

Málavextir, sem ákært er út af í ákæruskjali, dags. 19. desember f. á., eru þessir:

Með bréfi, dags. 13. september f. á., kærði barnaverndarnefnd Reykjavíkur yfir því til sakadómarans í Reykjavík, að í húsinu nr. 50 við Ránargötu, hér í bæ, væru leigð út herbergi fyrir hermenn og kvenfólk í fylgd þeirra, oft aðeins skamma stund í senn, eða hluta úr sólarhring, og væri ástæða til að halda, að umráðamaður hús-næðisins gerði sér að atvinnu lauslæti stúlkna hér í bænum.

Þorkell Kristjánsson, fulltrúi barnaverndarnefndar, vakti athygli nefndarinnar á kærutriðum þessum. Hefur hann borið það, að leigubifreiðarstjóri einn hafi skýrt honum frá því, að hann hafi ekið hermönnum og íslenskum stúlkum að Ránargötu 50, þannig að þar væri íverustaður hermanna og stúlkna. Þá kveðst Þorkell hafa sjálfur komið að því, að hermönnum og stúlkum hafi verið ekið í bifreið á þenna stað.

A, hér í bæ, 21 árs að aldri, hefur borið það 30. desember f. á., að hún hafi um nokkurt skeið þekkt flughermann einn í Keflavík, og hafi þau verið opinberlega heitbundin í 2 mánuði. Flughermaðurinn hafi oft komið hingað til bæjarins og þá gjarnan tekið herbergi á Ránargötu 50 til leigu. Hafi hann haft herbergið eina og eina nótt í einu, um einu sinni í viku, um helgi eða síðari hluta vikunnar. A kveðst oft hafa komið til hans í herbergið, ýmist um kvöldverðar-tíma eða þá síðar að kvöldi til, eftir að þau hafi verið að skemmta sér úti. Hafi það þá viljað koma fyrir, að hún hafi dvalið þar fram eftir nóttu, en hún hefur færzt undan að svara þeirri spurningu, hvort hún hafi haft þar samfarir við festarmann sinn. Hún kveður, að það hafi komið fyrir, að hermenn, kunningjar hans, hafi einnig verið í herberginu um leið og hún, en aldrei aðrar stúlkur. Áfengi hafi aldrei verið um hönd haft í herberginu og ekki söngur eða hávaði hafður í frammi.

Ólafur Ólafsson, verkamaður, Ránargötu 50, eiginmaður ákærðu, hefur borið það, að ákærða hafi s.l. sumar leigt út eitt herbergi á hæð þess húss, og hafi hún haft af því allan veg og vanda, en hann

hvergi nálægt því komið. Hann kveðst ekkert hafa vitað um leigukjörin og leigjendurna, en upp á síðkastið hafi margir þeirra verið hermenn. Hann hafi ekki blandað neitt geði við leigjendurna og hann hafi ekkert fylgzt með því, hvort þeir fengju heimsóknir karla eða kvenna. Þá hafi hann aldrei orðið var við hávaða eða ólæti í hinu leigða herbergi, þó að svefnherbergi hans væri á sömu hæð.

Framburður ákærðu er þessi:

Hún og eiginmaður hennar, Ólafur Ólafsson, hafa á annað ár átt húseignina Ránargötu 50, en sameiginlegt fjárfélag er með þeim hjónum. Þetta er lítið timburhús, ein hæð, ris og kjallari, og hafa þau hjónin búið á hæðinni. Miklar skuldir hafa hvílt á húsinu, og m. a. til að grynna á þeim og auka tekjur hjónanna, varð það úr, að leigt var út á hæðinni eitt herbergi, sem er með inngangi úr ytri forstofu. Leiga herbergisins hófst í febrúar- eða marzmánuði f. á. Ákærða sá um leigu herbergisins, og skipti Ólafur, maður hennar, sér ekkert af henni, en féllst á þessa ráðstöfun herbergisins. Hún vildi ekki leigja herbergið fast, eins og hún hefur komið að orði, því að í rauninni var það stofan hennar. Hún leigði herbergið út fyrir milligöngu Hótel Víkur. Hún þekkti ekki forstöðumann hótelsins, heldur hringdi hún aðeins í skrifstofu þess og bað um, að hún yrði látin vita, ef hótelið gæti ekki tekið við gestum sakir þrengsla, og vísað til hennar. Var þessu lofað af hálfu skrifstofunnar. Ákærða hafði orð á því, að hún vildi helzt Íslendinga fyrir leigjendur, en sá, sem varð fyrir svörum í skrifstofunni, kvað það einkennilegt, því að flestir vildu frekar útlendinga. Ákærða kvaðst þá ekki hafa á móti því að leigja útlendingum herbergið.

Í herbergi því, sem ákærða leigði út, voru tveir dývanar, borð, stólar og útvarp. Oftast voru leigjendur herbergisins tveir menn, sem ekkert þekktust. Leigan var kr. 30 fyrir manninn fyrir sólarhringinn, og var kaffi innifalið. Leigan var yfirleitt greidd fyrirfram. Fyrst í stað voru leigjendurnir eingöngu Íslendingar, einkum menn, sem unnu á Keflavíkurflugvelli eða stunduðu sjómennsku eða höfðu búið á Vífilsstöðum. Síðan fóru útlendingar, og þá hermenn, að taka herbergið á leigu, en ákærða getur ekki sagt um, hvort þeir hafi „upp á síðkastið“ verið oftast leigjendur en Íslendingar. Ákærða hélt ekki neina skrá yfir nöfn leigjendanna. Hermennirnir tóku herbergið á leigu, annaðhvort eina nótt eða tvær nætur og aldrei lengur í einu, en stundum aftur eftir nokkurn tíma, og jafnvel mörgum sinnum. Íslendingarnir höfðu herbergið lengur á leigu. Svo mátti heita, að herbergið væri alltaf leigt út um helgar, sjaldan á mánudögum og þriðjudögum og upp og ofan aðra daga vikunnar. Leigjendurnir komu allan tíma dagsins og einnig á kvöldin til að fá herbergi leigt, og þegar fram í sótti, pöntuðu hermenn herbergið í síma frá Keflavík. Þegar leiga á herberginu var óákveðin, fékk ákærða leigjandanum útidyralykil og sagði honum, að hann yrði að

vera kominn heim fyrir kl. 24.00. Leigjendur hlýddu þessu jafnan og voru komnir í herbergi sitt fyrir þenna tíma, a. m. k. hinir erlendu leigjendur. Ákærða varð aldrei þess vör, að leigjandi hefði aðeins afnot herbergisins í stutta stund eða fáeinar klukkustundir, en hyrfi svo. Hins vegar kom það fyrir, að hermenn, sem höfðu herbergið á leigu, fóru þaðan burt snemma að morgni milli kl. 6 og 7 til að ná í bifreiðarferð til Keflavíkur.

Hermenn þeir, sem tóku herbergið á leigu, komu með gesti til sín þangað. Ákærða sagði þeim þó, að óheimilt væri að fara með stúlkur yngri en 17 ára inn í herbergið, því að hún hafði heyrt orðróm um, að það væri óheimilt. Oftast voru gestir hermanna stúlkur, en þó stundum íslenskir karlmenn. Ákærða spurði stúlkurnar alltaf um aldur þeirra, og sögðust þær vera þetta á aldrinum frá 21 árs upp í 25 ára, og ákærðu vitanlega kom aldrei yngri stúlka til hermanna. Stúlkurnar voru oftast tvær saman og leigjendurnir þá gjarnan tveir, eða þá stúlkurnar þrjár eða ein. Þegar liðsforingjar (officerar) tóku herbergið á leigu, voru þeir jafnan einir í herberginu og gestir þeirra þá aðeins stúlka. Yfirleitt voru það sömu stúlkurnar, sem komu til sömu hermanna. Þær virtust jafnvel vera heitbundnar þeim, að minnsta kosti voru þær með stóra hringa á fingri. Ákærða minnst þess ekki, að stúlkur kæmu með sitt hverjum hermanni inn í herbergið, og ef það kom fyrir, að stúlka kæmi oftar en einu sinni, var það með sama leigjandanum. Stúlkurnar komu alltaf inn í herbergið fyrir miðnætti. Stundum sagði ákærða við þær, að þær yrðu að fara í burt ekki seinna en kl. 1.30 um nóttina. Þær hlýddu því stundum og stundum ekki, en þær voru jafnan farnar um morguninn.

Hermennirnir, sem tóku herbergið á leigu, höfðu oftast áfengisflösku meðferðis, en aldrei óátekna flösku. Stundum sá ákærða áfengi á stúlkunum, sem komu með þeim, einkum ef þær komu frá Hótel Borg. Heimsóknirnar til hermanna héldu þó ekki vöku fyrir ákærðu og eiginmanni hennar, þó að þau svæfu í næsta herbergi og vængjahurð aðeins á milli. Ákærða varð ekki vör við glaum, söng eða dans hjá hermönnunum. Það kom fyrir, að hún leit inn í herbergið, þegar hermenn voru með gesti, og varð hún aldrei vör við ósæmilega hegðun þar. Venjulega sátu hermennirnir á divaninum, stundum snöggklæddir, eins og oft á sér stað um karlmenn, en stúlkurnar sátu í djúpu stólunum. Gjarnan dreyptu þau á vínblöndu eða coca-cola-drykk. Ákærða varð aldrei vör við, að stúlkurnar væru að einhverju leyti farnar að afklæðast. Hún hefur aldrei vitað til þess, að hermenn hefðu samfarir við stúlkur, sem komu til þeirra, og heldur aldrei haft beinan grun um það. Hún kveðst ekki hafa verið að skipta sér neitt af leigjendum sínum og gestum þeirra, þar sem aðiljar höfðu náð lögaldri, og aðgætt sérstaklega, hvað þeir höfðust að í herberginu. En ákærða bætir því við, að manni geti

dottið margt í hug í þessum efnunum og að hermennirnir muni ekki hafa verið öðru vísi en annað fólk.

Það, sem sagt var um gesti til hermanna, á eins við um gesti íslenskra leigjenda herbergisins. Þó sagði ákærða ekki við síðarnefnda leigjendur, að óheimilt væri að fara með stúlkur yngri en 17 ára inn í herbergið, þar sem hún taldi það óþarfa.

Karl Kristinsson, forstöðumaður Hótel Víkur, hefur borið það, að þegar hótelið hefur verið fullskipað af gestum, hafi ferðafólki verið vísað á nokkra staði úti í bæ, þar sem hægt mundi vera að fá herbergi, og hafi einn þessara staða verið á Ránargötu 50. Hótelið hafi ekkert gjald tekið fyrir þessa starfsemi, sem gerð hafi verið fyrir ferðafólkið, en ekki leigusala herbergjanna, og hafi hótelið ekkert skipt sér af leigukjörum og leigufyrirkomulagi herbergjanna.

Guðborg Siggeirsdóttir, skrifstofustúlka á Hótel Vík, hefur staðfest þenna framburð Karls Kristinssonar. Hún kveður, að leigusalar umræddra herbergja úti í bæ hafi annaðhvort komið í skrifstofu hótelsins eða hringt þangað í síma og beðið um, að ferðafólki væri vísað til þeirra. Hringt hafi verið frá skrifstofu hótelsins til leigusala, áður en ferðafólki var vísað til hans, og hann spurður að því, hvort herbergið væri laust eða til leigu, og jafnan hafi leigusali fengið að vita þá um leið, hvort gesturinn var hermaður. Sumir leigusalanna hafi síður viljað fá hermenn sem leigjendur, en aðrir ekkert haft við það að athuga. Annars hafi það ekki verið oft, sem hermönnum hafi verið vísað til fólks úti í bæ, og það alls ekki verið gert, nema hótelið væri fullskipað.

## II.

Málavextir, sem ákært er út af í framhaldsákæruskjali, dags. 31. júlí s.l., eru þessir:

Eftir að málið, sem höfðað var gegn ákærðu samkvæmt ákæruskjali, dags. 19. desember f. á., var tekið til dóms 13. febrúar s.l., en áður en dómur í því var uppkveðinn, barst lögreglunni til eyrna, að íslenskar stúlkur og erlendir menn tíðkuðu enn komur sínar á Ránargötu 50. Var málið þá tekið til framhaldsrannsóknar, og verður nú rakið það, sem þar kom fram:

B, hér í bæ, fædd 17. nóvember 1935, hefur borið það, að á tímabilinu frá því í september til desember f. á. hafi hún komið að minnsta kosti í 10 skipti í herbergi á Ránargötu 50, og á tímabilinu frá s.l. áramótum til byrjunar marz s.l. í örfá skipti. Hún kveðst jafnan hafa komið þangað ásamt fleira fólki, bæði með einhverri kunningjastúlku sinni og tveimur eða fleiri hermönnum og oft hafi hún verið með einum og sama hermanni, sem hún þekkti. Hermennirnir hafi spurt stúlkurnar um það, hvert væri hægt að fara, og nefndu þær þá oft Ránargötu 50, þar sem þær vissu, að herbergi voru leigð út, eitt á hæðinni og annað í kjallara. Þegar þangað var

komið, var talað við ákærðu, og greiddu hermennirnir þegar herbergisleiguna, kr. 100,00. B kveður, að tvö og stundum fleiri þör hafi verið í herbergi. Þau hafi oftast komið í herbergið milli kl. 18 og 19. Stundum hafi þau dvalizt þar aðeins fram eftir kvöldi og hermennirnir þá farið um miðnætti til Keflavíkur, en stundum hafi þau dvalizt næturlangt í herberginu. Oftast hafi áfengi verið haft um hönd, og stundum hafi ákærða gefið þeim kaffi á kvöldin. B kveðst stundum hafa haft samfarir við hermenn þann, sem hún var með, og alltaf, þegar hún dvaldist þar næturlangt. Það hafi ekki skipt máli, þótt annað þar eða þör væru fyrir í herberginu. Stundum hafi hitt parið eða hin þörin haft einnig samfarir saman, en B kveðst annars ekki hafa sérstaklega gætt að því. Hún kveður, að ákærða hafi aldrei komið inn í herbergið, á meðan þau hafi haft samfarir eða eftir að þau hafi verið farin úr fötum, og hún minnst þess ekki, að ákærða segði við hana eða vinstúlkur hennar, að þær mættu ekki vera í herbergi hermanna yfir nóttina. Í eitt skipti, líklega eftir s.l. áramót, hafi ákærða gefið henni kaffi í rúmið, eftir að hún hafi dvalizt næturlangt í herberginu og haft samfarir við hermenn þar um nóttina. Kunningjastúlka hennar hafi þá einnig verið háttuð í herberginu, en hermennirnir tveir, sem höfðu verið þar, hafi verið farnir.

C, hér í bæ, fædd 27. júní 1935, hefur borið það, að frá september til desember f. á. hafi hún komið nokkrum sinnum á Ránargötu 50 og tvisvar sinnum eftir s.l. áramót. Hún kveðst jafnan hafa komið á stað þenna með kunningjastúlkum sínum og hermönnum, og hafi hún oftast verið með þeim sama. Hermennirnir hafi síðan tekið herbergi þarna á leigu og greitt leiguna þegar í stað, og heldur hún, að leigan hafi verið 100 krónur fyrir nóttina. Þær stúlkurnar hafi oftast komið á kvöldin á Ránargötu 50 og oft dvalizt þar fram eftir nóttu, og það hafi komið fyrir, að þær hafi dvalizt þar hjá hermönnum alla nóttina. C kveðst hafa haft að minnsta kosti tvisvar sinnum samfarir við hermenn sinn, sem hafi haft á leigu herbergi þarna, og hafi það gerzt, þegar hún dvaldist hjá honum næturlangt. Hún hefur ekki getað borið um, hvort kunningjastúlkur hennar hafi þá einnig haft samfarir við sína hermenn. Í flest skiptin, sem stúlkurnar hafi komið í nefnt hús, hafi verið um venjulegt „party“ að ræða, áfengi drukkið og skrafað saman. Ákærða, sem hafði leigt þarna út tvö herbergi, annað á hæðinni, en hitt í kjallara, hafi komið inn í herbergin að kvöldlagi, en aldrei að næturlagi.

D, hér í bæ, fædd 31. október 1933, hefur borið það, að hún hafi komið á Ránargötu 50 nokkuð oft á tímabilinu frá október til desember f. á. og tvisvar sinnum eftir áramótin, jafnan með vinstúlkum sínum. Hún kveðst hafa verið með ákveðnum amerískum hermanni, sem hafi oft haft á leigu herbergi næturlangt í nefndu húsi, ýmist einn eða með félögum sínum. Oftast hafi þær vinstúlkurnar og her-

mennirnir komið þangað saman, og hermennirnir þá fyrst tekið herbergið á leigu og greitt leigu þess, allt að 100 krónur yfir nóttina, fyrirfram. D kveður, að þær vinstúlkurnar hafi einatt dvalizt hjá hermönnum í herberginu fram eftir nóttu og fram undir morgun. Hún kveðst aldrei hafa haft samfarir í herberginu og veit ekki heldur til þess, að vinstúlkur hennar hafi haft þar samfarir. Ákærða, sem hafi leigt út herbergið, hafi vitað, að þær vinstúlkurnar hafi verið í herberginu fram eftir nóttu, en hún hafi aldrei komið inn í herbergið að næturlagi.

E, hér í bæ, fædd 29. nóvember 1926, hefur borið það, að í nóvember og desember f. á. hafi hún verið með amerískum sjóliða, og hafi hann oft á þeim tíma tekið herbergi á hæðinni í húsinu Ránargötu 50 á leigu fyrir eina nótt í senn. Leigan hafi verið 100 krónur yfir nóttina. E kveðst oft hafa komið með sjóliðanum í herbergið og þá oft haft við hann samfarir þar. Hún hafi þó aldrei dvalizt þar næturlangt, en farið þaðan nokkru eftir miðnætti. Þá kveðst hún hafa nokkrum sinnum að kvöldlagi í desember og janúar s. l. komið með vinstúlkum sínum í kjallaraherbergið á Ránargötu 50, sem aðrir hermenn hafi haft á leigu. Í þau skipti hafi engin kynferðismök átt sér stað í herberginu, og hafi hún alltaf verið farin þaðan í burtu um kl. 1.30 um nóttina. E kveður, að fyrrnefndur sjóliði og hermenn hafi tekið herbergið á leigu, um leið og hún og vinstúlkur hennar komu með þeim þangað að kvöldlagi, og hafi þeir greitt leigu herbergisins yfir nóttina fyrirfram. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort ákærða, sem leigði út herbergin, hafi vitað, að stúlkur voru hjá hermönnum í herbergi fram eftir nóttu.

Þá hafa stúlkurnar F, fædd 1. ágúst 1934, G, fædd 12. janúar 1932, og H, fædd 20. september 1933, gefið rannsóknarlögreglunni skýrslu í málinu, en ekki hefur reynzt mögulegt að yfirheyra stúlkur þessar fyrir dómi, þar eð þær hafa síðan flutzt búferlum, og ekki er vitað, hvar þær dveljast nú.

F hefur skýrt frá því, að hún hafi oft fyrir s.l. áramót komið með stúlkum í herbergi niðri á Ránargötu 50 og í nokkur skipti hafi hún verið þar næturlangt, en þá verið með sama hermanningnum. Þær hafi oftast verið sex saman stúlkurnar. Í herberginu hafi verið þrjár divanar. Í tvö skiptin kveðst hún hafa haft þarna samfarir við sinn hermenn, en hún geti ekki sagt um, hvernig það hafi verið með hinar stúlkurnar, en þær hafi háttað hjá sínum. Þá kveðst hún hafa komið 5 sinnum eftir áramótin á Ránargötu 50 með vinstúlkum sínum. Í tvö skipti hafi hún verið þar næturlangt, og minnir hana í herbergi uppi. Í annað skiptið hafi hún og vinstúlka hennar verið með amerískum borgurum, en hermönnum í hitt skiptið. Í fyrra skiptið hafi annar borgarinn sofið hjá vinstúlku hennar (B), en hún þá einnig verið uppi.

H hefur skýrt frá því, að eftir s.l. áramót hafi hún komið um 6—7

sinnum á Ránargötu 50 og verið þá mest með sama hermanni, en þó verið stundum með öðrum. Hún kveðst í öll skiptin hafa haft samfarir við hermann sinn, og hafi þá tvö þör verið í herberginu, en í nokkur skipti hafi fleiri dvalizt þar um tíma. Hún kveðst aldrei hafa verið þarna næturlangt. Hermennirnir hafi greitt ákærðu, sem leigt hafi út herbergin, 100 krónur yfir sólarhringinn. Ákærða hafi stundum gefið henni og félögum hennar kaffi á kvöldin, ýmist í eldhúsinu eða í herbergjunum.

G hefur skýrt frá því, að eftir s.l. áramót hafi hún komið nokkrum sinnum á Ránargötu 50, og muni hún aðeins hafa verið þar einu sinni næturlangt, og hafi hún í það skipti fengið að sofa þar sakir ölvunar. Hún kveðst hafa verið með sama ameríska manningnum eftir áramótin, en aldrei haft við hann samfarir á þessum stað.

Greindar sjö stúlkur eru allar kunningjastúlkur, og voru þær oft saman, tvær eða fleiri, hjá leigutökum ákærðu á Ránargötu 50.

Framburður ákærðu er þessi:

Hún kveðst hafa haldið áfram að leigja út herbergið á hæðinni á Ránargötu 50 fram undir s.l. páska, en leigjendur verið færri seinustu mánuðina en áður. Útleiga herbergisins og leigukjör voru allveg með sama hætti og áður, sbr. framburði ákærðu í I hér að framan.

Í nóvember f. á. losnaði stórt herbergi í kjallaranum á Ránargötu 50, sem dóttir ákærðu og amerískur eiginmaður hennar höfðu áður búið í. Ákærða auglýsti þá herbergið til leigu í dagblöðum og gat um, að það væri til iðnaðar. Þrír menn komu, en enginn þeirra vildi taka herbergið á leigu.

Ákærða fór þá í nóvember eða desember s.l. að leigja kjallaraherbergið fyrir ferðamenn, jafnt Íslendinga sem hermenn. Í herberginu voru tveir dívanar, og var annar fyrir tvo. Stundum tók einn maður, en stundum tóku tveir hermenn herbergið á leigu. Leiguhæðin var 85 krónur fyrir manninn um nóttina, og var leigan greidd um leið og leigutakinn kom. Ef leigutakarnir voru tveir, greiddu þeir gjarnan 100 krónur fyrir nóttina, en fengu þá morgunkaffi. Oftast voru leigutakarnir eina eða tvær nætur í senn, en stundum þrjár og allt upp í sjö nætur. Íslendingarnir voru yfirleitt lengur en hermennirnir. Einkennisbúnir hermenn tóku herbergið á leigu oftast um helgar, en borgaralega klæddir „Ameríkanar“ áttu til með að vera í herberginu upp undir eina viku. Hún leigði herbergið ekki út til skemmri tíma en einnar nætur.

Oft voru leigutakarnir með stúlku, þegar þeir komu, og gegndi það jafnt um hermenn sem Íslendinga. Stúlkurnar dvöldust þá gjarnan í herberginu hjá þeim fram eftir kvöldi. Ákærða sagði við stúlkurnar, að þær mættu ekki vera í herberginu um nóttina, og lofuðu þær að hlýða því, en ákærða getur ekki sagt um, hvort þær efndu það alltaf. Annars voru leiguhættir og leigukjör herbergisins alger-

lega með sama hætti og herbergisins á hæðinni, sbr. framburð ákærðu í I hér að framan. Hún hætti útleigu kjallaraherbergisins til stutts tíma í senn í apríl—maí s.l.

Ákærða kveðst ekki hafa vitað til þess, að stúlka dveldist hjá leigutaka yfir nóttina eða að leigutaki eða gestur hans hefðu nokkru sinni samfarir við stúlku í herberginu. Kveður hún, að það hafi bæði verið án vilja hennar og vitundar, ef fyrrgreindar stúlkur, sem borið hafa í málinu, eða aðrar stúlkur hafi verið í leiguherbergjunum á Ránargötu 50 næturlangt og haft þar samfarir.

Ákærða kveðst stundum hafa veitt leigjendum og gestum þeirra kaffi á kvöldin án endurgjalds, en aldrei að morgni dags.

Hún kveðst kannast við B, og kom hún nokkrum sinnum með hermönnum á Ránargötu 50 og var þá undir áhrifum áfengis og einu sinni varð að vísa henni á dyr. Ákærða hefur út af framburði B um, að ákærða hafi einu sinni að morgni dags gefið henni kaffi í rúmið á Ránargötu 50, gefið þessa skýringu: Kvöld eitt eða nótt eina komu þrjár stúlkur heim til ákærðu og báru sig illa, þar sem þær ættu hvergi húsaskjól og væru heimilislausar. Starfsmenn á Keflavíkurflugvelli, sem höfðu herbergi á leigu í húsi ákærðu, buðust þá til að rýma herbergi sitt, enda ætluðu þeir að fara úr því kl. 5 næsta morgun. Varð úr, að þeir fóru úr herberginu, og fengu stúlkurnar að vera í því um nóttina. Ákærða man ekki sérstaklega eftir því, að hún gæfi stúlkunum kaffi um morguninn, en telur það sennilegt. Hún heldur, að þetta atvik hljóti að vera hið sama og B getur um í framburði sínum, en man þó ekki eftir því, hvort B var ein af stúlkunum þremur.

### III.

Samkvæmt því, sem nú var greint, er sannað, að ákærða leigði út eitt herbergi úr íbúðinni á fyrstu hæð í húsi sínu á Ránargötu 50 frá febrúar eða marz 1952 framundir páska 1953 og eitt herbergi í kjallara sama húss frá nóvember eða desember 1952 til apríl eða maí 1953. Ákærða leigði herbergin ýmist Íslendingum eða hermönnum til einnar nætur í senn, og höfðu leigutakarnir oft herbergi á leigu aðeins eina nótt. Ákærða hélt enga skrá yfir leigutakana. Í báðum herbergjunum voru tveir dývanar og var annar í kjallarherberginu fyrir tvo. Leiga herbergisins á hæðinni var 30 krónur yfir nóttina fyrir manninn, en oftast voru leigutakar þess tveir. Leiga kjallaraherbergisins var 85 krónur yfir nóttina, en gjarnan 100 krónur, væru leigutakarnir tveir.

Leigutakarnir voru oft með stúlkum, þegar þeir tóku herbergin á leigu, og dvöldust þær hjá þeim í herbergjum þeirra fram eftir kvöldi. Enn fremur er sannað með samhljóða framburðum margra stúlkna, að þær hafi verið í herbergjum þessum næturlangt og haft þar samfarir við leigutakana, sumar í fáein skipti, en aðrar oft.

Ákærða hefur neitað því að hafa vitað til þess, að stúlkur og leigutakar hefðu samfarir í herbergjunum, en viðurkennt „að manni geti dottið margt í hug í þessum efnum og að hermennirnir muni ekki vera öðru vísi en annað fólk.“ Elgi að síður skipti ákærða sér lítið af hegðun og dvöl stúlkna í herbergjunum og ekki neitt, ef hún hélt, að þær hefðu náð lögaldri. Samkvæmt framansögðu verður dómurinn að líta svo á, að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst, að lauslæti átti sér stað í herbergjum þeim, sem hún leigði út á Ránargötu 50.

Samkvæmt því, sem nú var greint, og framburðum áðurtaldrá stúlkna svo og framburði ákærðu sjálftrar að öðru leyti, þykir næg sönnun fengin fyrir því, að ákærða hafi gert sér lauslæti annarra að tekjulind og þannig gerzt brotleg gegn 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykir hún einnig hafa brotið gegn 10. gr. sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 59 23. júní 1936 með því að halda ekki skrá um leigutaka herbergjanna. Á hinn bóginn verður ákærða ekki talin hafa gert sér gistihúshald að atvinnu, og því hefur hún ekki brotið gegn 2. gr. sbr. 15. gr., 1. mgr., laga nr. 21 15. júní 1926. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hrl., kr. 800.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærða, Arndís Þórðardóttir, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða er frá birtingu dóms þessa svipt kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hrl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.